

Eyðilegging

Búðu viljandi til vandamál svo barnið þitt þurfi að eiga í samskiptum við þig til að leysa úr því

matartími



- Gefðu barninu skál með morgunmatnum en enga skeið.
- Gefðu barninu tómt glas.
- Láttu sem þú sért að borða mat barns þíns.
- Láttu barnið fá annan mat en það það um.
- Gefðu barninu eitthvað sem er í umbúðum án þess að opna þær fyrst.

leiktími



- Geymdu leikföng í boxum eða flátum sem barnið getur ekki opnað.
- Gefðu barninu teina en engar lestir, blað en enga liti, púsluspil en engin púsl o.s.frv.
- Gefðu barninu leikfang sem það þarf aðstoð við að virkja, t.d. dót sem þarf að trekkja, en ekki bjóða aðstoðina strax.
- Settu skó á hendurnar þínar áður en þið farið út.
- Settu húfu barns þíns á þig í staðinn fyrir barnið.

svefntími



- Láttu barnið í tómt baðkar án vatns.
- Réttu því önnur náttföt en það það um.
- Segðu rangt orð við mynd sem þú bendir á. Bentu á tígrisdýr og segðu „Sjáðu fuglinn.“
- „Gleymdu“ að rétta barninu kúrudýrið sitt þegar það fer að sofa.